

## AUGLÝSING

### um afgreiðslu bæjarstjórnar Kópavogsbæjar á tillögu að deiliskipulagi.

*Leikskóli við Skólatröð. Deiliskipulag.*

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti bæjarstjórn Kópavogsbæjar 13. júní 2023 tillögu að deiliskipulagi nýs leikskóla við Skólatröð.

Á lóðinni var áður tveggja deilda leikskóli. Skipulagssvæði deiliskipulagsins afmarkast af lóðamörkum við aðliggjandi raðhúsabyggð til norðurs, vesturs og austurs og bæjarlandi til suðurs. Aðkoma að lóðinni verður úr suðri eftir botnlanga frá Skólatröð.

Í deiliskipulaginu er gert ráð fyrir að á lóðinni verði byggður þriggja deilda leikskóli á einni hæð, samtals um 650 m<sup>2</sup> að flatarmáli. Hámarkshæð byggingarreits er 5,5 m. Leiksvæði verður tvískipt eftir aldri. Áætlað nýtingarhlutfall á lóðinni verður 0,33. Gert er ráð fyrir að bílastæði verði áfram samnýtt með Kópavogsskóla.

Málsmeðferð var samkvæmt 1. mgr. 41. gr. ofangreindra laga.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem ofangreind lög mæla fyrir um.

Skipulagið öðlast þegar gildi.

*Kópavogi, 26. júlí 2023.*

**Smári Smáráson** aðstoðarskipulagsfulltrúi.

B-deild – Útgáfudagur: 26. júlí 2023